

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. janúar 2024

Mál nr. E-2345/2023:

**A**

(*Erling Daði Emilsson lögmaður*)

**gegn**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(*Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður*)

## Dómur

- Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu 17. mars 2023 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 13. desember sl. Stefnandi er A, [...], [...]. Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.
- Stefnandi gerir þær kröfur að viðurkennd verði með dómi bótaskylda úr frjálsri ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. [...], vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í frítímaslysi þann 21. október 2018 í [...]laug, auk málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst aðallega aðallega sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar. Til vara krefst stefndi þess að viðurkenningarkröfur verði eingöngu teknar til greina að hluta. Þá krefst stefndi málskostnaðar og til vara að málskostnaður verði felldur niður.

I

## Málavextir

- Ágreiningur er um málavexti. Þann 21. október 2018 var stefnandi fluttur á bráðamóttöku í sjúkrabifreið vegna áverka á vinstri öxl. Í bráðamóttökuskra er vísað til þess að hann hafi dottið á leið upp stiga í sundlaug og fengið áverka beint á vinstri öxlina. Ekki sé merki um augljósan áverka en merki um eldri viðgerð á öxl með lítilli skrófu. Ákveðið var að stefnandi færi í segulómun þar sem hann bæri sig mjög illa. Stefnandi fékk vinnuvottorð í 10 daga.

5. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði reglubundna úttekt á [...]laug þann 22. október 2018 og gerði engar athugasemdir við aðbúnað við sundlaugina.
6. Samkvæmt bráðamóttökuskrá 24. október 2018 er skráð að stefnandi sé áfram slæmur af verkjum. Segulómskoðun sýni að hann sé með tognunaráverka á vöðvafestu, útbúin var beiðni um sjúkraþjálfun og vinnuvottorð framlengt til 5. nóvember.
7. Í læknaþréfi, dagsettu 28. nóvember 2018, frá B bæklunarlækni sem gerði aðgerð á stefnda vegna áverka á öxl í júní 2016 kemur fram að stefnandi sé sennilega að þróa með sér frosna öxl og ráðlögð er meðferð sem felst í verkjastillingu og vaxandi æfingum þegar verkjatímabil gengur yfir.
8. Slysaskráning vegna slyssins var gerð 29. nóvember 2018 þar sem haft er eftir stefnanda að hann hafi dottið í tröppu þegar hann var að sækja dót.
9. Stefnandi hélt áfram að leita til lækna vegna ástands síns. Í málinu liggur fyrir læknaþréf frá B 11. október 2019, en þar er m.a. ráðlagt eftirlit frá heilsugæslunni vegna andlegrar vanlíðunar. Stefnandi fór í starfsendurhæfingarmat hjá VIRK, en samkvæmt niðurstöðu matsins 21. ágúst 2019 var stefnandi með heilsubrest sem olli óvinnufærni. Þó var talið að starfsendurhæfing hjá VIRK myndi auka líkur á endurkomu til vinnu. Í læknisvottorði C læknis, dags. 10. desember 2020, kom fram að lækni-rinn taldi slys stefnanda hafa haft miklar afleiðingar fyrir hann og hann hlotið mikla færniskerðingu sem ekki hafi tekist að ráða bót á.
10. Með bréfi 5. febrúar 2019 hafði stefnandi óskað eftir afstöðu stefnda til skaðabótaskyldu vegna þessa slyss sem stefnandi varð fyrir 21. október 2018 í innisundlauginni í [...]laug. Reykjavíkurborg, sem er rekstraraðili og eigandi húsnæðis [...]laugar, var með í gildi ábyrgðartryggingu hjá stefnda sem tók til vinnuveitendaábyrgðar starfsmanna sundlauganna sem og ábyrgðar Reykjavíkurborgar sem húseiganda. Í málinu er krafist viðurkenningar á greiðsluskyldu úr framangreindri ábyrgðartryggingu.

11. Með bréfi stefnda 15. október 2019 var bótaskyldu hafnað og var þeirri ákvörðun skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með bréfi stefnanda 10. desember 2019. Stefndi sendi úrskurðarnefndinni athugasemdir með bréfi 19. febrúar 2020 (ranglega ársett 2019).
12. Með úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 426/2019 frá 19. mars 2020 var bótaskyldu stefnda hafnað. Í forsendum úrskurðarins er m.a. vísað til þess að þegar laugin var byggð hafi verið í gildi byggingarsamþykkt Reykjavíkurborgar nr. 39/1965 sem gildi um íbúðarhúsnæði og eftir atvikum annað húsnæði. Í 2. mgr. 69. gr. hennar komi fram að byggingarfulltrúi geti mælt sérstaklega fyrir um hvar eigi að vera handrið við stiga eða tröppur innanhúss. Þar sem stefnandi féll voru tröppur sem liggja niður í sérstaka gryfju meðfram innisundlaug laugarinnar. Ekki er um að ræða almenna gönguleið, enda augljóst af aðstæðum að sundlaugargestir eigi ekki almennt leið um tröppurnar. Við þær aðstæður verði ekki séð af fyrirmælum í þágildandi byggingarsamþykkt eða nógildandi reglugerð að einhlít skylda sé um handrið við umræddar tröppur. Í athugasemdum stefnda sem teknar eru upp í úrskurðinum er vakin athygli á því að við umræddar tröppur sé að finna varúðarskilti á áberandi stað þar sem stendur „Varúð! Hálar tröppur“.
13. Stefnandi óskaði eftir matsgerð með matsbeiðni 2. febrúar 2021 til að meta tímabundna og varanlega læknisfræðilega örorku sína vegna slyssins 21. október 2018. Í matsgerðinni kemur fram að stefnandi hafi gengist undir aðgerð á öxl 22. júní 2021. Niðurstaða matsgerðarinnar var sú að stefnandi væri með 10 stiga varanlega læknisfræðilega örorku, auk þess sem matsmaður mat stefnanda með tímabundna óvinnufærni á nánar tilgreindum tímabilum.

### III

#### *Málsástæður stefnanda*

14. Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á slysinu, enda megi rekja orsök slyssins til vanbúnaðar í [...]lauginni, sem eigandi sundlaugarinnar, Reykjavíkurborg, beri ábyrgð á. Reykjavíkurborg var með ábyrgðartryggingu hjá stefnda á slysdegi og er kröfu stefnanda því beint að stefnda. Stefnandi byggir á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Hann hafi orðið fyrir tímabundnu og varanlegu

líkamstjóni vegna slyssins sem stefnda beri að bæta að fullu samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993.

15. Stefnandi byggir á því að tröppurnar hafi verið vanbúnar og ekki í samræmi við þágildandi byggingarsamþykkt Reykjavíkurborgar nr. 39/1965 sem var í gildi þegar [...]laugin var byggð 1976. Í 69. gr. umræddrar byggingarsamþykktar sé kveðið á um að á öllum stigum skuli vera handrið öðrum megin. Breidd þrepa er tilgreind í 71. gr. byggingarsamþykktarinnar og þar kemur fram að hana skuli mæla í ganglínu sem á að vera 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin sem þrep er mjórra, og megi þrep aldrei vera minna en 24 cm. Ef þrep er mjórra en 30 cm skuli vera minnst 4 cm breitt innskot sem ekki teljist til þrepbreiddar í þessu sambandi.
16. Myndir af slysstað sýna að þrepin sem stefnandi féll í eru 24,2 cm í framstigi og 14,9 cm í uppstigi. Ekkert handrið er við tröppurnar og ekkert innskot er á þrepunum. Tröppurnar og handriðsskorturinn voru því í ósamræmi við gildandi byggingarsamþykkt á byggingarári hússins. Sú túlkun stefnda að vísa til 92. gr. byggingarsamþykktar nr. 39/1965 og miða við reglur sem giltu um íbúðarhús, sbr. 2. mgr. 69 gr., fái ekki staðist. Þar kemur fram að þegar stigar og pallar eru innan íbúðar geti byggingarfulltrúi mælt fyrir um að höfð séu handrið eftir því sem hann telur þörf á. Skýrt sé kveðið á um það í þágildandi byggingarreglugerð að á öllum stigum ætti að vera handrið öðrum megin, sbr. 69. gr. samþykktarinnar. Það ákvæði er ekki bundið við stiga sem liggja milli hæða eins og stefndi heldur fram.
17. Stefnandi vísar jafnframt til þess að 2. mgr. 69. gr. þágildandi byggingarsamþykktar er einskorðuð við tröppur eða palla innan íbúða, en í slíkum tilvikum geti byggingarfulltrúi mælt svo fyrir að höfð séu handrið eftir því sem hann telur þörf á. Umræddur stigi er ekki innan íbúðar og getur því ekki fallið hér undir, sbr. 92. gr. byggingarsamþykktarinnar. Beri því að líta til ákvæðis 1. mgr. 69. gr. þar sem fram kemur að handrið þurfi að vera öðrum megin á öllum stigum. Skortur á handriði brjóti því í bága við þágildandi ákvæði byggingarsamþykktar.
18. Stefnandi byggir einnig á ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 og þá sérstaklega á 2. mgr. 8. gr. reglnanna þar sem fram kemur að

mannvirki og búnaður skuli þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggi og þrifnaði verði komið við. Segir m.a. að gólfefni skuli uppfylla viðeigandi staðla um hálkuvíðnám, en á slysdegi voru flísarnar glerhálar enda ekkert hálkuvíðnám í þeim. Líkt og stefndi benti sjálfur á var sérstaklega varað við því að flísarnar væru hálar í tröppunum, en samkvæmt reglugerð nr. 814/2010 eiga slíkar tröppur ekki að vera hálar.

19. Stefnandi vísar til nokkurra atriða sem mestu máli skipta við sakarmatið. Tröppurnar hafi ekki uppfyllt áskilnað reglna sem í gildi voru á byggingarári laugarinnar, sem eitt og sér skapi hættu á tjóni. Þá hafi varúðarskiltið verið lítt áberandi og einungis á íslensku og þjónaði því takmörkuðum varnaðaráhrifum í tilviki stefnanda. Umræddar tröppur eru ætlaðar sundkennurum til kennslu og því ekki fyrir almennan umgang sundlaugargesta. Stangir eru við stigann þar sem ætlunin er að draga keðju fyrir stigaganginn. Á slysdegi var engin keðja strengd fyrir leiðina sem þó er ekki ætluð almenningi. Stefnandi byggir á því að það hafi verið verulega ámælisvert að starfsmenn váttryggingartaka hafi ekki gætt að því að loka fyrir þessa leið svo almenningur gæti áttað sig á því að þessar tröppur og gangur við hlið laugarinnar væri ekki ætlaður almennum sundlaugargestum. Í ljósi þess að tröppurnar voru hálar vegna vöntunar á hálkuvíðnámi, enda einungis um sundkennaraaðgang að ræða, og að ekki var hirt um að loka fyrir aðgang eins og gert er ráð fyrir verði að telja váttryggingartaka til sakar að hafa ekki komið í veg fyrir augljósa hættu á tjóni með því að loka fyrir gönguleiðina og koma upp skilti á fjölbjóðlegra tungumáli en íslensku.

20. Stefnandi vísar til þess að váttryggingartaki hefði auðveldlega getað skipt út flísum og sett nýjar flísar með hálkuvörn. Þá hefði verið hægt að setja sandpappírsborða á þrepin til að stemma stigu við háлку. Jafnframt hefði verið auðvelt að koma fyrir skilti á ensku sem fleiri en íslenskumælandi fólk gæti skilið, þ.m.t. stefnandi. Umrætt skilti er afar lítið, krómlitað og ber þess síst merki að fela í sér aðvörun. Þá hefði verið lítið mál að koma fyrir handriði sem sundlaugargestir gætu stutt sig við þegar þeir ættu leið um tröppurnar eða einfaldlega nýta þann aðbúnað sem var til staðar og loka svæði af, ef ekki var ætlast til að stefnandi eða aðrir sundlaugargestir gengju

þarna um. Um er að ræða ódýrar lausnir og auðveldar í framkvæmd til að afstýra tjóninu.

21. Stefnandi byggir á því að slysið sé sennileg afleiðing af þeim aðstæðum sem voru til staðar á slysstað. Tröppurnar hafi hvorki uppfyllt áskilnað gildandi byggingarsamþykktar á byggingarári sundlaugarinnar né ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Stefnandi hafi dottið í tröppunum vegna þess að þær voru hálar enda ekki hálkuvörn á þeim. Þá hafi hann átt erfitt með að fóta sig eftir að hann rann, hann hafi reynt að stíga niður í neðra þrepið en ekki náð því og dottið. Það blasi við að ef þrepin hefðu verið í samræmi við reglur og þannig uppfyllt lengdarskilyrði hefði verið auðveldara að afstýra slysinu. Þá er jafnframt augljóst að handrið hefði skipt sköpum, auk þess sem auðvelt var að loka tröppunum fyrir umferð almennings. Sökum annars vegar vanbúnaðar og hins vegar aðgerðaleysis váttryggingartaka beri að fallast á skaðabótaskyldu stefnda. Sundlaugar veiti þjónustu sem laðar til sín fólk og sé því sérstaklega ámælisvert að aðbúnaður í sundlauginni hafi verið ófullnægjandi allt frá upphafi notkunar til dagsins í dag.

22. Krafa stefnanda er viðurkenningarkrafa samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, en ljóst sé að stefnandi hafi mikla fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu málsins og að sýnt sé fram á tjón stefnanda, í hverju það felist og tengslum þess við atvik málsins.

### III

#### *Málsástæður stefnda*

23. Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir slysi í [...]laug þann 21. október 2018 og að slys stefnanda hafi orðið með þeim hætti sem stefna byggir á. Stefnandi beri sönnunarbyrði um að bótaskyldur atburður hafi átt sér stað og að við þann atburð hafi hann hlotið líkamstjón.

24. Stefndi vísar til þess að misræmi sé í framburði stefnanda og læknisfræðilegum gögnum. Stefnandi haldi því fram að hann hafi verið að fara niður tröppur við innilaugina í [...]laug þegar hann hafi runnið og borið fyrir sig vinstri hönd og lent illa á henni. Í bráðamóttökuskrá er slysinu hins vegar lýst með þeim hætti að stefnandi hafi verið á leið upp stiga þegar hann hafi dottið og fengið högg beint á vinstri öxlina.

Það er því grundvallarmunur á málavaxtalýsingu í stefnu og samtímagögnum úr bráðamóttökuskrá.

25. Stefndi vísar til þess að stefnandi lét starfsmenn sundlaugarinnar ekki vita af atvikinu fyrir en rúmum mánuði síðar, eða þann 29. nóvember 2018, þegar hann kom aftur í sundlaugina til að taka myndir af aðstæðum. Starfsmenn sundlaugarinnar höfðu enga möguleika til að kanna aðstæður og gera slysaskráningu um slysið sem byggði á samtímaupplýsingum frá stefnda sjálfum og þeim starfsmönnum sem voru á vakt á þessum tíma. Stefnandi er einn til frásagnar um hinn meinta tjónsatburð og hvernig hann hafi borið að. Engin vitni eru að atburðinum og engin gögn frá utanaðkomandi aðilum sem styðja frásögn stefnanda. Einu gögnin byggja á einhliða frásögn stefnanda á málsatvikum sem hafa ekkert sönnunargildi að mati stefnda og uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar um tjónsatvik í skaðabótarétti. Teljist því tjónsatvik og allur málartilbúnaður stefnanda ósannaður gegn mótmælum stefnda og beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.
26. Stefndi byggir á því að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli þessa atviks sem stefnandi tengir tjón sitt við og þess líkamstjóns sem vísað er til í stefnu. Stefndi beri sönnunarbyrði fyrir þeim orsakatengslum og að það tjón sem metið er í matsgerð sé afleiðing af tjónsatburðinum.
27. Stefndi hafnar því að fyrirbyggjandi matsgerð sanni orsakatengsl milli meints líkamstjóns stefnanda og hins meinta tjónsatburðar. Stefnandi sé með fyrri sögu um sambærilega áverka, auk þess sem matsgerðarinnar var aflað einhliða og án aðkomu stefnda. Stefnandi beri halla af því að hafa ekki aflað mats dómkvaddra matsmanna á orsökum líkamstjóns og orsakatengslum við hinn meinta tjónsatburð. Tjón stefnanda svo og orsakatengsl eru því ósönnuð gegn mótmælum stefnda.
28. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar á húsnaði [...]laugar eða saknæmrar vanrækslu starfsmanna laugarinnar. Stefnandi tilkynnti ekki strax um slysið til starfsmanna [...]laugar sem leiddi til þess að slysaskýrsla var ekki skrifuð fyrir en tæpum einum og hálfum mánuði eftir slysið.

Þetta verði að túlka stefnanda í óhag, enda beri hann sönnunarbyrði fyrir því að slysið hafi orðið með þeim hætti sem hann lýsir.

29. Stefndi byggir á því að sönnun um að slyshafi orðið sé ekki sönnun þess að aðstæður hafi verið saknæmar. Greina verði með skýrum hætti á milli stefnumiða laga og skráðra háttættisreglna. Það teljist ekki brot á lögum eða reglum þó að markmiðum þeirra hafi ekki verið náð í einstaka tilvikum.
30. Stefndi vísar til þess að það sé óumdeilt að ákvæði byggingarsamþykktar Reykjavíkurborgar nr. 39/1965 giltu á byggingartíma sundlaugarinnar. Í XIV. kafla samþykktarinnar er fjallað um stiga. Í 1. mgr. 69. gr. er kveðið á um stiga á milli hæða, en í 2. mgr. 69. gr. byggingarsamþykktarinnar kemur fram að þar sem stigar eða pallar séu innan íbúðar geti byggingarfulltrúi mælt svo fyrir að höfð séu handrið eftir því sem hann telur þörf á. Stefndi telur augljóst að umrætt ákvæði 2. mgr. eigi við um þær tröppur sem hér um ræði, enda ekki um stiga milli hæða að ræða heldur tröppur ofan í gryfju sem ætluð er til sérstakra nota.
31. Stefndi vísar til þess að húsnæði [...]laugar hafi verið tekið út af byggingarfulltrúa við byggingu laugarinnar og að lokaúttekt hafi farið fram samkvæmt fyrrnefndri byggingarsamþykkt. Frágangur á umræddum tröppum var samþykktur og ekki gerðar sérstakar kröfur um handrið, samkvæmt heimild í 2. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar.
32. Stefndi mótmælir að þrep í umræddum tröppum séu í ósamræmi við kröfur samkvæmt byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39/1965. Í stefnu sé vísað til þess að lágmarksbreidd þrepa sé 45 cm og að meginþrep megi aldrei vera minna en 24 cm samkvæmt 71. gr. byggingarsamþykktarinnar. Stefnandi rugli saman breidd og dýpt þrepa. Ákvæðið fjallar auk þess um að hvert skref, sem miðist við samanlagða breidd tveggja uppstiga og breidd eins þreps, megi ekki vera minna en 2,2 metrar og hvert skref 61–63 cm. Í stefnu sé hvorki gerð grein fyrir afstöðu stefnanda til þessara þátta né á því byggt á hvaða hátt hinar umdeildu tröppur eiga að vera í ósamræmi við þá. Málalíbúnaðar stefnanda í þessum þætti málsins sé í raun óskiljanlegur og vanreifaður.

33. Stefndi byggir á því að hinar umdeildu tröppur séu fyllilega í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar og síðari byggingarreglugerða, enda hafi engar athugasemdir verið gerðar við tröppurnar af hálfu byggingaryfirvalda, hvorki þegar [...]laug var tekin í notkun né síðar. Tröppurnar séu því í samræmi við opinberar kröfur eins og þær hafi verið skilgreindar af opinberum eftirlitsaðilum og beri stefnandi sönnunarbyrði um annað.
34. Stefndi mótmælir því jafnframt að ákvæði 71. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkurborgar nr. 39/1965 eigi yfirhöfuð við um stiga milli hæða eins og þeir eru skilgreindir í 1. mgr. 69. gr. samþykktarinnar, sbr. orðalagið „ganghæð stiga“ og orðalag 2. mgr. 71. gr. sem fjallar um stiga sem liggja um fleiri hæðir.
35. Stefndi vísar jafnframt til þess að það sé ósannað að handrið við tröppurnar eða dýpri eða breiðari þrep hefðu komið í veg fyrir slys stefnanda. Stefnandi beri sönnunarbyrði um slíkt orsakasamband milli hins meinta vanbúnaðar á tröppum [...]laugar og slyss stefnanda. Meginorsök slyssins hafi verið aðgæsluleysi stefnanda sjálfs og óhappatilviljun.
36. Stefnandi mótmælir því að aðstæður í [...]laug hafi brotið í bága við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Sérstaklega er því mótmælt að tröppurnar hafi verið glerhálar, enda ekkert í gögnum stefnanda sem styður þá fullyrðingu. Þvert á móti kemur fram í slysaskýrslu að starfsmenn sundlaugarinnar hafi sérstaklega kannað ástand trappanna og ekki séð að þær væru sleipar.
37. Stefndi vísar til þess að aðstæður í sundlauginni hafi verið teknar út af Heilbrigðis- eftirliti Reykjavíkur, sem er opinber eftirlitsaðili með sundstöðum samkvæmt reglum nr. 814/2010, daginn eftir að stefnandi segist hafa lent í slysi, þ.e. 22. október 2018. Voru engar athugasemdir gerðar við tröppurnar eða ástand þeirra. Stefndi byggir á því að afstaða opinberra eftirlitsaðila um aðstæður á slysstað hafi ríkt sönnunargildi og að stefnandi sem tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir því að hún sé röng eða byggð á röngum forsendum. Stefnandi hafi ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði.

38. Stefnandi byggir á því að við sakarmat á ábyrgð fasteignareigenda og umsjónarmanna mannvirkja hafi fyrst og fremst verið litið til skráðra hátternisreglna og hvort mannvirki uppfylli lögboðnar kröfur og kröfur opinberra eftirlitsaðila. Ef svo er hafa dómstólar almennt talið sterkar líkur til þess að ekki sé til staðar saknæm háttsemi af hálfu viðkomandi fasteignareigenda.
39. Stefndi vísar til þess að hin umdeilda gryfja við innilaug [...]laugar sé fyllilega í samræmi við ákvæði og kröfur byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965 og ákvæði reglugerðar nr. 814/2018 um sundstaði. Opinberir eftirlitsaðilar hafa tekið svæðið út athugasemdalaust. Sundlaugarsvæðið og tröppurnar geti ekki talist sérstaklega hættulegt svæði. Þá er ósannað að svæðið hafi verið hált þegar slysið átti sér stað og að hálka hafi orsakað fall stefnanda. Þá er því mótmælt að stefnda hafi borið skylda til að setja háلكuviðnám á tröppurnar. Sérstaklega var varað við hálku við tröppurnar sem leiðir til þess að gera verður ríkari kröfur til gesta laugarinnar um aðgæsluskyldu. Það leysi stefnanda ekki undan aðgæsluskyldu þó að skiltið hafi bara verið á íslensku, enda mátti stefnanda vera ljóst að um einhvers konar varúðarskilti var að ræða. Auk þess hvílir engin skylda á eigendum sundlaugarmannvirkja að hafa viðvörðunarskilti á öllum tungumálum heldur er fullnægjandi að hafa slík skilti á íslensku.
40. Stefndi vísar jafnframt til þess að gryfjan og tröppurnar eru ekki gönguleið eða svæði sem almenningi er ætlað að vera á, heldur svæði fyrir sundkennara. Því verða ekki gerðar sömu kröfur til þess og annarra svæða. Stefndi mótmælir því sérstaklega að honum hafi borið að strengja keðju fyrir tröppurnar, en engin slík skylda er lögð á váttryggingartaka í lögum né hefur verið gerð slík krafa af opinberum eftirlitsaðilum. Þá verði ekki séð að slík keðja hefði komið í veg fyrir óhappið.
41. Stefndi vísar til þess að ekkert hafi bent til þess að umrætt svæði væri sérstaklega hættulegt. Hvorki voru skráð slys hjá váttryggingartaka á umræddu svæði né var um háa fallhæð að ræða eða krefjandi aðstæður. Um er að ræða tiltölulega grunna gryfju úr alfaraledi sem ætluð er til sérstakra nota og ekki fyrir almenning. Engar athugasemdir höfðu verið gerðar við svæðið af hálfu eftirlitsaðila. Ekkert bendir til þess að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hefðu getað komið í veg fyrir slysið

með sérstökum aðgerðum, auk þess sem ósannað er að þær hefðu komið í veg fyrir óhapp stefnanda.

42. Stefndi vísar jafnframt til þess að líta verði til háttsemi stefnanda sjálfs. Í skaðabótarétti sé viðurkennt að gera verði kröfur til sundlaugargesta og að þeir taki mið af aðstæðum. Stefnanda mátti vera ljóst að bleyta var til staðar á sundlaugarsvæðinu og þá sérstaklega þegar stefnandi fer upp úr lauginni. Honum bar því að gæta að sér og fara sérstaklega varlega upp eða niður tröppurnar. Skortur stefnanda á aðgæslu og að leggja mat á aðstæður sé meginorsök slyssins sem stefnandi verði að bera ábyrgð á. Um óhappatilvik hafi verið að ræða sem váttryggingartaka og starfsmönnum sundlaugarinnar verði ekki kennt um. Óhappatilvik séu ekki skaðabótaskyld og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

43. Varakrafa stefnda byggir á því að stefnandi verði að bera hluta af tjóninu á grundvelli eigin sakar. Stefndi byggir aðallega á því að slys stefnanda hafi verið óhappatilvik en ef sýnt verði fram á að starfsmenn Reykjavíkurborgar hefðu átt að bregðast við er á því byggt að stefnandi verði engu að síður í ljósi almennrar aðgæsluskyldu, þekktrar hættu á sundlaugarbökkum og viðvarana í formi skilta og merkinga að bera stærsta hluta tjónsins sjálfur. Stefnanda beri að sýna aðgæslu í samræmi við aðstæður og er sérstaklega byggt á því að stefnandi hefði getað komið alfarið í veg fyrir slysið með því að ganga hægt um tröppurnar og styðja sig við vegg við hliða þeirra. Verði að meta aðstöðuna í ljósi þess að Reykjavíkurborg sé eðli málsins samkvæmt ómögulegt að koma með öllu í veg fyrir að slys geti orðið í tröppunum. Að öðru leyti er vísað til sjónarmiða varðandi aðalkröfu um sýknu.

#### IV

##### *Niðurstaða*

44. Ágreiningur stefnanda og stefnda lýtur að því hvort stefndi hafi slasast með þeim hætti sem hann heldur fram og hvort tjón hans megi rekja til vanbúnaðar eða ófullnægjandi aðbúnaðar sundlaugarinnar eða hvort starfsmenn Reykjavíkurborgar hafi sýnt af sér sagnæma háttsemi eða hvort slysið megi rekja til aðgæsluleysis stefnanda og óhappatilviljunar.

45. Samkvæmt gögnum málsins leitaði stefnandi á bráðamóttöku Landspítalans strax í kjölfar slyssins og var skráður í bráðamóttökuskrá þann dag. Þar kemur fram að hann hafi verið á leið upp stiga í sundlaug og fengið högg beint á vinstri höndina, sé slæmur af verkjum vegna þessa og geti lítið hreyft hana. Við endurkomu á bráðadeild Landspítalans þremur dögum síðar er skráð eftir stefnanda að hann hafi dottið í sundi og sé með verki í vinstri öxl. Stefnandi hefur haldið þessum fram, m.a. í bréfaskiptum við stefnda, fyrir úrskurðarnefnd váttryggingamála og í samskiptum við lækna og heilbrigðisstarfsfólk, að hann hafi dottið í umræddum stiga þennan dag og slasast á vinstri öxl. Í gögnum málsins kemur jafnframt fram að hann hafi í framhaldi af slysinu gengist undir aðgerð á öxl sem ekki hafi skilað tilætluðum árangri.
46. Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir héraðsdómi þar sem hann greindi frá slysinu með þeim hætti að hann hafi dottið í umræddum tröppum þegar hann var á leið niður stigann að sækja dóttur sína. Í samræmi við síðari málslið 1. mgr. 56. gr., sbr. 2. mgr. 49. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var brýnt fyrir stefnda að skýra satt og rétt frá áður en hann gaf skýrsluna. Staðhæfing aðila um atvik máls hefur á hinn bóginn takmarkað sönnunargildi fyrir dómi, nema um sé að ræða atriði sem er honum óhagstætt, sbr. 1. mgr. 50. gr. sömu laga.
47. Fyrir liggur að stefnandi leitaði á bráðamóttöku Landspítala strax eftir að slysið varð að eigin sögn. Í bráðamóttökuskrá er skráð að hann hafi dottið í stiga þegar hann var á leiðinni upp. Verður ekki talið að það skipti máli þó að slysið sé skráð með þeim hætti í bráðamóttökuskrá, enda má ætla að áhersla bráðamóttökudeildar sé fyrst og fremst varðandi þá áverka sem stefnandi hlaut en ekki nákvæmlega aðdraganda slyssins. Stefnandi hefur staðfastlega haldið því fram að hann hafi hlotið áverka á öxl í kjölfar þess að hann datt í umræddum stiga. Þótt framangreind gögn skeri ekki úr um að stefnandi hafa slasast með þeim hætti sem hann hefur lýst þykir, þegar horft er til þeirra áverka sem hann hlaut og lýsinga hans á atvikum sem hafa verið eins frá byrjun, ljóst að leggja megi til grundvallar að tekist hafi sönnun fyrir því að hann hafi orðið fyrir þessum áverka við fall í umræddum tröppum.
48. Á hinn bóginn liggur jafnframt fyrir að skráning [...]laugar á slysinu fór ekki fram fyrir en ríflega einum mánuði eftir slysið. Fullyrðingar stefnanda í skýrslutöku fyrir

dómi um að hann hafi rætt við starfsmenn í afgreiðslu á slysdegi eru ósannaðar. Með því að tilkynna slysið þetta seint gafst hvorki tækifæri til þess að skoða vettvang í beinu framhaldi af slysinu né myndbandsupptökur sem eru, samkvæmt vitnisburði D, fyrrum forstöðumanns [...]laugar, fyrir dómi varðveittar í 30 daga og lengur ef um slys er að ræða. Stefnandi verður því að bera hallann af ófullnægjandi lýsingu á aðstæðum og atvikum að því leyti sem þau eru umdeild, að öðru leyti en því að tekist hefur sönnun um að stefnandi hafi dottið í umræddum tröppum og hlotið áverka.

49. Í málinu er óumdeilt að sundlaugin var byggð á gildistíma byggingarsamþykktar nr. 39/1965. Í XVI. kafla byggingarsamþykktarinnar er fjallað um hús til annarra nota en íbúðar. Ekki er fjallað sérstaklega um stiga í kaflanum, en í 1. mgr. 92. gr. segir að þegar sótt sé um leyfi til að byggja hús til annarra nota en íbúðar skuli miða við þær reglur sem gilda um íbúðarhús eftir því sem þær geta átt við.
50. Í XIV. kafla er fjallað um stiga í íbúðarhúsum. Í 69. gr. byggingarsamþykktarinnar er gerður greinarmunur á tröppum sem eru innan íbúðar en þar getur byggingarfulltrúi mælt svo fyrir um að höfð séu handrið eftir því sem hann telur slíks þörf. Í öðrum tilvikum skal vera handrið á stigum. Af ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 39/1965 verður því ekki séð að fyrir liggi fortakslaust ákvæði um það að við byggingu [...]sundlaugar hafi verið skylt að hafa handrið á umræddum tröppum. Verður að skýra ákvæðið svo að handrið í þessu tilviki hafi farið eftir því hvort byggingarfulltrúi hafi mælt fyrir um slíkt handrið, eins og 2. mgr. 69. gr. samþykktanna gerir ráð fyrir, enda er umrædd gryfja innan sundlaugarinnar og hluti af henni. Ekki er ágreiningur um það að byggingarfulltrúi hefur ekki gert sérstaka kröfu um handrið í samræmi við heimild hans í 2. mgr. 69. gr. þágildandi byggingarsamþykktar. Verður því ekki fallist á að tröppurnar hafi ekki uppfyllt áskilnað þágildandi byggingarsamþykktar um handrið.
51. Í 71. gr. byggingarsamþykktar nr. 39/1965 er upphaflega fjallað um ganghæð stiga sem takmarkast við 2,20 metra og að hvert skref sé 61–63 cm. „Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Breidd þreps skal mæla frá ganglínu sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin sem þrep er mjórri og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvær hæðir, en 26 cm, sé hús hærra. Á hverju þrepi sem

er mjórra en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepbreiddar í þessu sambandi.“ Síðan segir í 2. mgr. 71. gr.: „Í stiga sem liggur um fleiri hæðir en eina, skal sama þrepbreidd og þrephæð vera á öllum hæðum.“

52. Ofangreind lýsing sem kemur fram í 71. gr. samþykktarinnar fjallar ekki um dýpt á þrepinu sjálfu, heldur breiddina á þrepinu, enda á að mæla breidd þrepsins 45 cm frá innri brún handriðsins, þeim megin sem þrep er mjórra. Sú lýsing vísar ekki til dýptar á þrepinu sjálfu heldur til þess hversu breitt þrepið er. Í þessu tilviki er það breiddin frá vegg í vegg. Verður ekki fallist á að þrepin í umræddum tröppum hafi verið í ósamræmi við 71. gr. byggingarsamþykktarinnar. Verður því að hafna málsástæðum stefnanda um að tröppurnar hafi verið vanbúnar þar sem þær hafi ekki uppfyllt áskilnað þágildandi byggingarreglugerðar.

53. Sú fullyrðing í stefnu að tröppurnar hafi verið glerhálar er ósönnuð og styðst hvorki við fyrirliggjandi gögn né skoðun á vettvangi. Stefnandi verður að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt um slysið fyrir en löngu síðar, en með því var komið í veg fyrir að ástandið á tröppunum yrði skoðað sérstaklega á staðnum og á myndbandsupptöku. Við vettvangsskoðun var ekki séð að þær leirflísar sem eru á gólfi sundlaugarinnar, þ.m.t. á umræddum tröppum, séu sérstaklega hálar, jafnvel þó að bleyta liggja á þeim.

54. Þó svo að tröppurnar séu ekki lokaðar af eru þær ekki á hefðbundinni gönguleið. Stigar ofan í sundlaugina eru staðsettir í nokkurri fjarlægð frá tröppunum á gagnstæðum sundlaugarbakka og gangandi umferð beint að inngöngum sem liggja framhjá tröppunum. Eins og atvikum var háttað verður hvorki fallist á að það hafi verið þörf á að draga keðju fyrir leiðina né setja sérstaka hálkuvörn á tröppurnar, eða þær hafi að öðru leyti brotið gegn 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

55. Þótt fallast megi á að það hefði verið heppilegra að varúðarskilti um hálar tröppur hefði verið í meira samræmi við öryggismerkingar á sundstöðum leysir það stefnanda ekki undan aðgæsluskyldu. Hefðbundnar öryggismerkingar voru auk þess við hvorn

innangang innilaugarinnar. Þá mátti stefnanda vera ljóst að bleyta gæti verið til staðar á sundlaugarbakkanum og við tröppurnar.

56. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að meginorsök slyssins megi rekja til óhappatilviks sem vátryggingartaka og starfsmönnum sundlaugarinnar verði ekki kennt um. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

57. Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dagsettu 27. júní 2023. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Erlings Daða Emilssonar, 2.200.000 króna. Þóknun lögmannsins er ákveðin án virðisaukaskatts, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 288/2018.

58. Af hálfu stefnanda flutti málið Erling Daði Emilsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður

59. Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Málinu var úthlutað til dómara 4. júlí sl.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands, er sýknaður af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostaður lögmanns stefnanda, Erlings Daða Emilssonar, 2.200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Helgi Sigurðsson